

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu- og rotþróargjald í Mýrdalshreppi.

#### 1. gr.

##### *Stofngjald fráveitu.*

Eiganda eða réttihafa fasteignar sem tengst getur fráveitu Mýrdalshrepps ber að greiða gjald fyrir tengingu við fráveituna sbr. 13. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldið stendur undir kostnaði við tengingar fráveitu og tekur mið af gerð, stærð og lengd tenginga. Með tengigjaldi er innheimt hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum í Mýrdalshreppi skal greiða tengigjald sem hér segir:

150 mm tenging (allt að 20 m löng)	150.000 kr.
200 mm tenging (allt að 20 m löng)	200.000 kr.
250 mm tenging (allt að 20 m löng)	250.000 kr.

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða tenging er lengri en 20 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við fráveitu Mýrdalshrepps.

Gjalddagi tengigjalds er við úthlutun lóðar í eigu sveitarfélagsins og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Upphæð tengigjalda breytist fyrsta janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. janúar 2012 og var 112,3 stig.

#### 2. gr.

##### *Fráveitugjald.*

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign í Mýrdalshreppi sem holræsi hefur verið lagt í og tengt fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt fráveitugjald til sveitar-sjóðs í samræmi við 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Árlegt fráveitugjald í Mýrdalshreppi er 0,20% af fasteignamatí fasteigna. Gjaldið skal innheimt frá og með því að byggingin er skráð fókheld í Landsskrá fasteigna byggingarstig 4.

#### 3. gr.

##### *Rotþróargjald.*

Mýrdalshreppur innheimtir árlega rotþróargjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í sveitarfélaginu.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér segir:

Rotþró 6000 lítra og minni	kr. 7.000
Rotþró stærri en 6000 lítra	kr. 9.000
Aukalosanir	kr. 9.000 fyrir hverja tæmingu.

Upphæð rotþróargjalds breytist fyrsta janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. janúar 2012 og var 112,3 stig.

#### 4. gr.

##### *Lækkunarheimild.*

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps getur samþykkt að fella niður eða lækka fráveitugjöld hjá tekju-litlum elli- og örorkulífeyrisþegum í samræmi við 15. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

#### 5. gr.

##### *Innheimta.*

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjald.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

6. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Mýrdalshrepps skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, þann 19. júní 2012, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár og gjaldskrá fyrir fráveitu- og rotþróargjald Mýrdalshrepps sem samþykkt var í sveitarstjórn Mýrdalshrepps 26. febrúar 2009.

*Vik í Mýrdal, 22. júní 2012.*

**Ásgeir Magnússon** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2012